

LEIÐ

FÖSTUDAGUR 24. MAÍ 2019

Lífsstíll



Björgum jörðinni, segja börnin. Loftslagsvandinn varðar okkur öll, ekki bara unga fólkið, þótt það sé duglegast að mæta í loftslagsverkföllin. ➔4



Ævintýrin allt um kring í Cannes

Ása Baldursdóttir, dagskrár- og kynningarstjóri hjá Bíó Paradís, er stödd á kvikmyndahátíðinni í Cannes þar sem stórstjörnur mætast innan um glamúr og glæsileika. Nýjustu myndirnar eiga þó hug Asu þessa dagana. ➔2

Ása Baldursdóttir segir að það sé einstaklega skemmtilegt að vera á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Sannkallaður glamúr og glæsileiki.



Gerviblóm í miklu úrvali frá kr. 1.900



3 fyrir 2 tilboð af púðum þú kaupir tvo púða og þriðji fylgir frítt*
*Ódýrasti púðinn fylgir frítt



Sara Körfur kr. 6.200 - 10.600



Lena Ljós kr. 12.900

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁN - FÖS 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

Sérmeðferðir fyrir þá sem gera kröfur um raunverulegan árangur !



Snyrtistofan Hafblik býður upp á hinn vinsæla Supreme Hollywood-meðferðarkúr sem gefur raunverulegan árangur. Þessi náttúrulega og kröftuga viðgerðarmeðferð á andliti er raunhæf leið til að eldast með fullri reisn. Staðreyndin er að það tekur okkur mörg ár að mynda djúpar hrukkur og aðrar skemmdir í húð. Þær hverfa ekki á einni nóttu. Það er engin skyndilausn til. Supreme Hollywood-meðferðarkúr er langtíma-



ferli og þ.a.l. raunveruleg viðgerð sem vinnur á ótímabærri öldrun húðar, vinnur á litabreytingum og öldrunarblettum og styrkir og stinnir húðvefinn. Starfsemi húðar verður sterkari, heilbrigðari og virkari.



Glæsilegir tilboðspakkar í boði og allt frá 55 þús. upp í 150 þús. kr. afsláttur !

Við bjóðum einnig: Háræðaslitsmeðferðir

HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA



Hljóðbylgjumeðferð

Fjarlægir háræðaslit í andliti, háræðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða.

Hversu margar meðferðir þarf?

Algengt er 2-4 skipti, en misjafnt er hversu margar meðferðir þarf til að fjarlægja háræðaslit endanlega.

Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur

Bókið frían tíma í skoðun/viðtal



Snyrtistofan Hafblik

Loftslagsvandinn fer ekki í frí, verkföllin halda áfram

Loftslagsvandinn varðar okkur öll, ekki bara unga fólkið, þótt það sé duglegast að mæta í loftslagsverkföllin. Þetta segir Sigurður Loftur Thorlacius sem hefur staðið að skipulagningu fjórtán loftslagsverkfalla á síðastliðnu skólaári.



Unga fólkið er duglegast að mæta á mót-mælin

Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is



Í hádeginu í dag verður í annað sinn haldið alheimsloftslagsverkfalli, sem er fjórtaða loftslagsverkfallið í Reykjavík og fertugasta loftslagsverkfallið sem Greta Thunberg heldur. Síðast mættu á annað þúsund manns á Íslandi og Sigurður vonast til þess að gera enn betur í dag, því þó að skólakrakkar séu á leiðinni í sumarfrí fari loftslagsvandinn ekki í sumarfrí.

Kröfur verkfallsskipuleggjendanna eru að ríkið leggi meira fjármagn í aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. „Visindamenn hafa talað um að það þurfi að gera það strax, en á síðustu árum er losun eiturefna út í umhverfið samt að aukast. Ástandið er ekki enn farið að skána. Við köllum eftir því að það verði lýst yfir neyðarástandi, við þurfum að kljást við ástandið sem slíkt. Við erum alls ekki búin að leysa málið. Þess vegna munu loftslagsverkföllin halda áfram en í smærri sniði í sumar. Síðan



Sigurður Loftur Thorlacius með gjallarhornið í loftslagsverkfalli á Austurvelli.

Þótt skólakrakkarnir séu farnir í sumarfrí verða áfram loftslagsmót-mæli á föstudögum.



Ég er ánægður að sjá að þingmenn séu allavega farnir að ræða eitthvað af tillögum okkar. Maður reynir alltaf að vera bjartsýnn, en það er bara svo margt sem þarf að gera miklu betur en hefur verið gert.

Sigurður Loftur Thorlacius

tökum við aftur við af fullum krafti í haust, nema auðvitað að við sjáum einhverjar alvöru aðgerðir í loftslagsmálum og að það sé verið að reyna að leysa þetta.

Fólki verður velkomid í sumar að koma á föstudögum í hádeginu á Austurvöll eða fyrir utan þinghúsið. Einhver úr skipulagshópnum verður alltaf á staðnum með skilti.“

Andrés Ingi Jónsson, þingmaður

Vinstri grænna, gerði loftslagsvandann að ræðuefni sínu á þingi þann 30. apríl síðastliðinn. Þingmennirnir Logi Einarsson, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðjón S. Brjánnson, Guðmundur Andri Thorsson, Helga Vala Helgadóttir og Oddný G. Harðardóttir fluttu tillögu til þingsályktunar um að útbúa svokallaðan grænan samfélagsáttmála, sem eigi að stuðla að sjálfbærni landsins og umhverfisvænu hagkerfi, eins og kemur fram á vef Alþingis.

„Ég er ánægður að sjá að þingmenn séu allavega farnir að ræða eitthvað af tillögum okkar.“ Í kjölfar fundar með forsætisráðherra sem skipuleggjendur verkfallanna áttu, var ákveðið að þingmenn myndu mæta á fund unga fólksins sem tekur þátt í skólaverkföllunum. Það hefur hins vegar frestast eitthvað og Sigurður hefur áhyggjur af því að fundinum verði frestað fram yfir sumarfrí. „Maður reynir alltaf að vera bjartsýnn, en það er bara svo margt sem þarf að gera miklu betur en hefur verið gert. Það er staðan.“

NÆRING, HEILSA OG LÍFSSTÍLL

Föstudaginn 31. maí gefur Fréttablaðið út sérblaðið Næring, heilsa og lífsstíll.

Blaðið mun ná afar vel til allra þeirra sem hafa áhuga á hreyfingu, útvist og hollu og næringarríku mataræði.

Í blaðinu verður fjallað um allt mögulegt sem viðkemur heilsusamlegum lífsstíl auk áhugaverðra viðtala við fólk sem hefur snúið við blaðinu og öðlast betra líf með hreyfingu og heilnæmu mataræði.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Arnar Magnússon, sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.

Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

LEGSTEINAR

Í MIKLU ÚRVALI



GRANÍT
STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

Kakójóga að verða vinsælla

Hefur kakó merkilegri tilgang en að ylja manni á kaldasta tíma ársins? Samkvæmt Styrmi Joshua gæti það vel verið, sjálfur hefur hann stundað kakódrykkju til að rækta andlega heilsu.

Sólrún
Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is



Kakó hefur verið þekkt í aldaradír fyrir að hafa hjartaopnandi áhrif,“ segir Styrmir en kakó er upprunalega frá Suður-Ameríku og var lengi vel hátíðardrykkur þar áður en Spánverjar uppgötvuðu heimsálfuna. Þá var kakó notað í athöfnum Mayanna og á mörgum stöðum í Suður-Ameríku var því trúað að drykkurinn væri bæði heilsustyrkjandi og ástarseyði. „Það er eitthvað í kakóinu sem er ávanabindandi, einhver tilfinning sem það vekur.“

Sæluhormón og ástarhormón í súkkulaði

Styrmir segir að fjöldaframleitt súkkulaði í dag hafi ekki jafn góð áhrif og hreint, handunnið kakó, þar sem mikið af næringarefnum skolest í burtu við framleiðsluna. Hreint kakó inniheldur PEA-hormóna sem virkja miðtaugakerfið. Þetta eru efni sem heilinn framleiðir þegar við erum ástfangin. Það er líka anandamíde í kakói, sem er sæluhormón. Þar að auki inniheldur kakóið magnesíum sem hjálpar til við að slaka á þreyttum vöðvum og róa hugann, seratónín sem minnkar streitu og eykur vellíðan, þeobrómin sem styrkir ónæmiskerfið og eykur

blóðflæði til hjartans, og svo fullt af andoxunarefnum.

Andreas Rusnes og Júlía Óttarsdóttir byrjuðu fyrst að halda kakóathafnir hér á Íslandi fyrir nokkrum árum og síðan þá hafa þær orðið æ vinsælli. Í dag heldur Júlía uppi síðunni Cacotribeiceland.is og heldur kakóathafnir. Einnig heldur til dæmis Andagift Súkkulaðisetur slíkar athafnir og er með hreint kakó til sölu.

„Kakóið sem er notað í athöfnum er 100% hreint og handunnið frá baun í bolla, sem gerir það að verkum að eiginleikar þess og næringarinnihald helst óskert við framleiðslu,“ segir Styrmir. Styrmir og vinur hans Þorsteinn Faxi Halldórsson halda reglulega kakó-jóganámskeið, Styrmir heldur námskeiðið „The Cacao People“ eða Kakófólkið, og Þorsteinn er með hópinn „Chocolate Lightning“ sem sagt Súkkulaðiöldingin.

Opnar hjartað

„Við byrjum athafnir á því að biðja fólk um að beina ást á sjálf sig, og þaðan skjóta henni og dreifa henni í kringum sig. Það er í raun ekki hægt að elska nema þú sért með sjálfást til að byrja með. Síðan er hver og einn með einhvers konar ásetning, sem er í raun eins og bæn. Þá biður hver og einn fyrir einhverju, til dæmis um að komast lengra í lífinu með kakóinu, opna hjartað

„Það hefur komið fyrir, þegar fólk drekkur kakó í fyrsta skiptið, að það fer bara að hágráta.“

meira, finna meiri ró, eða fá svar við einhverri stöðu í lífinu. Með því að setja ásetja sér að finna lausnina eða ná einhverju markmiði, þá fáum við svör – ef við hlustum nógu vel.“

Orka verður til

Það er oft mikil orka sem verður til á kakóathöfnum samkvæmt reynslu Styrmis, sérstaklega þegar margir koma saman og dansa og syngja af miklum krafti. „Það verður til svo mikil orka á svæðinu og það hefur komið fyrir, þegar fólk drekkur kakó í fyrsta skiptið, að það fer bara að hágráta. Þá er það kannski bara einhver tilfinning að losna sem er ekki búíð að hleypa út í einhver ár.“

Styrmir segir að hann taki eftir jákvæðum breytingum hjá sjálfum sér frá því hann fór að stunda kakóathafnir fyrir nokkrum árum. „Ég er farinn að geta elskað skilyrðislaust. Hjartað mitt er opnara, ég lét hausinn og aðstæður sem ég bý til í huganum ekki stöðva mig, og ég tek fólki eins og það er og ég get sett mig betur í spor annarra.“



Styrmir segir að hreint kakó opni hjartað fyrir ást, vellíðan og innri friðsæld.

Nýtt frá Weber

Weber Pulse 2000 rafmagnsgrill

- Innbyggð iGrill tækni
- Weber iGrill app
- Stafrænn hitamælir
- Hrein orka

Fullkomið á svalirnar

weber.is

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

STÓRA BÍLASALAN



TOYOTA Land Cruiser 150GX 33" breyttur. Ágerð 2018, ekinn 46 P.KM. Diesel, Sjálfskiptur. Verð 8.390.000. Rnr.137402.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
<http://www.stora.is>



Suzuki fjörgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bátar

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR



Léttir Fyrirferðalítill Hljóðlátir Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Þjónusta

Pípulagnir

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki o.fl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald



Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

RETTA- BOKHALDSÞJÓNUSTA.

Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Málarar

Pakmálun

Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinnubrögð. Fáðu tilboð. Uppl. í s. 847 1628 & litaverk@gmail.com
Litaverk ehf

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsviðhald


Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:6974650

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Akureyrar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com



Keypt & Selt

Til sölu

Til sölu stór rafmagnsnuddpottur, hægt að tengja við hitaveitu og frystikista 110 cm löng. Uppl. s: 893-3475

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is
Opð mán - fös 11-16,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Heilsa

Nudd



TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Atvinnuhúsnæði

ATVINNUHÚSNÆÐI

TIL LEIGU 50 m2 Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

GEYMSLURTILLEIGU.IS

SÍMI: 414-3000

Gerðu verðsamanburð!

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði

- TRAILER BÍLSTJÓRA ÓSKAST -

Silfri ehf óskar eftir vönum trailer bílstjóra

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

Óska eftir múrurum og verkamönnum til starfa, islenskukunnátta skilyrði, framtíðarstarf, góð laun í boði og fríðindi. Uppl í síma 897-2681

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



TILKYNNNA ÓVÍDEIGANDI EÐA GLÖGLEGT EFNÍ Á NETINU

Skemmtanir

CATALINA

CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

Best geymda leyndarmál Kópavogs

Gullnáman

HEPPNI Í KEPPNI

Gullnáman

GLÆSILEGUR SPILASALUR

Komdu og freistaðu gæfunnar!

LIFANDI TÓNLIST

FRAMP

Spilar fyrir dansi

FÖSTUDAG & LAUGARDAG

FRÁ KL. 00.00 - 03.00

HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19

HEITUR MATUR ALLA DAGA 11-21

SÍMI 554 2166

HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

WWW.CATALINA.IS



Aðalskipulag

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

Breyting á Aðalskipulagi Táknafjarðarhrepps 2006-2018 Dunhagi.

Breytingin felur í sér breytta landnotkun á þéttbýlisuppdrætti við skólasvæði Táknafjarðar þar sem landnotkun verður breytt frá svæði fyrir þjónustustofnun og opnu svæði til sérstakra nota yfir í svæði fyrir verslun og þjónustu. Ástæða breytingarinnar er sú að gert er ráð fyrir uppbyggingu fyrir ferðaþjónustu á reitnum og stækka þarf reitinn til að rúma skilgreinda landnotkun. Breytingartillagan verður til sýnis á skrifstofu Táknafjarðarhrepps að Strandgötu 38 frá og með föstudeginum 24. maí til 5. júlí 2019 og aðalskipulagsbreytingin einnig hjá Skipulagsstofnun á Borgartúni 7b, 105 í Reykjavík. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Táknafjarðarhrepps, www.talknafjordur.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartilöguna til 5. júlí 2019.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Táknafjarðarhrepps, Strandgötu 38, 460 Táknafirði.

Virðingarfyllt
Skipulagsfulltrúi Táknafjarðarhrepps



Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST
Ráðningar

www.fastradningar.is



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefni. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikabætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtæki á frumkvæði að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Atvinnuauglýsingar | Job.is

Vinnueftirlitið - Sviðsstjórar hjá Vinnueftirlitinu

intellecta Vinnueftirlitið leitar af kraftmiklum leiðtogum í störf sviðsstjóra þriggja fagsviða samkvæmt nýju skipulagi stofnunarinnar. Sviðsstjóri veitir fagsviði forystu og er hluti af framkvæmdastjórn Vinnueftirlitsins. Sviðsstjóri ber ábyrgð á framkvæmd stefnu stofnunarinnar á fagsviði sínu.

Nánari upplýsingar um störfina veita Hanna S. Gunnsteinsdóttir forstjóri Vinnueftirlits ríkisins (hanna@ver.is) í síma 550 4600 og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511-1225

Umsóknarfrestur er til og með 3 júní 2019.

Umsóknir óskast fylltar út á www.intellecta.is

Borgarleikhúsið - Markaðsstjóri

capacent Borgarleikhúsið leitar að skapandi og hugmyndaríkum markaðsstjóra sem hefur drifkraft og metnað til að ná árangri í starfi. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf í lifandi og skemmtilegu umhverfi.

Umsóknarfrestur er til og með 26. maí nk. Sækja skal um starfið á vef Capacent, www.capacent.is

Efling - SVIÐSSTJÓRI KJARAMÁLASVIÐS EFLINGAR

Efling - stéttarfélag óskar eftir að ráða sviðsstjóra kjaramálasviðs.



Upplýsingar veitir:
Geirlaug Jóhannsdóttir,
geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk.

Biskup Íslands - MANNAUÐSSTJÓRI



Biskup Íslands óskar eftir mannauðsstjóra. Starfið heyrir undir embætti biskups Íslands. Hjá embættinu starfa 137 prestar um land allt og 36 starfsmenn á Biskupsstofu. Enn fremur veitir mannauðsstjóri prófastsdæmum, sóknnum og stofnunum þjóðkirkjunnar ráðgjöf og stuðning. Um fjölbreytt og krefjandi starf er að ræða.

Upplýsingar veita: Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is og Inga Steinunn Arnardóttir, inga@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 5. júní nk.

ARNARLAX LEITAR AÐ LIÐSAUKA Í ÁHUGAVERÐ STÖRF HJÁ FYRIRTÆKINU



Hjá okkur starfar einvala hópur fólks af báðum kynjum og ýmsum þjóðernum og nú viljum við bæta enn frekar í liðsheldina hjá okkur og leitum að öflugum og metnaðarfullu starfsfólki í neðangreindar stöður.

- Starfsfólk með skipstjórnar- eða vélstjórnarréttindi
- Starfsmaður í seiðældi í Táknafirði
- Líffræðingur við fiskeldi félagsins í Arnarfirði, Táknafirði og Patreksfirði

Nánari upplýsingar veitir:
Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is
Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is
Umsóknarfrestur er til og með 2. júní nk.

Sjá nánar á job.is

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426